



Ríkislögreglustjóri  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

## DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvholsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 22. janúar 2019  
Tilv.: DMR18090151/10.10.10

Efni: Afturköllun ökuréttinda vegna skilyrðis um endurmenntun atvinnubílstjóra

Vísað er til meðfylgjandi minnisblaðs samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um endurmenntun atvinnubílstjóra ökuréttinda í flokki C - C1 - D1 og D flokki. Við undirbúning minnisblaðsins komust ráðuneytin að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að ekki væri unnt að afturkalla ökuréttindi þeirra sem fengu gefið út ökuskírteini í fyrrgreindum flokkum til fimm ára þrátt fyrir að hafa ekki lokið við endurmenntun samkvæmt ákvæði 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Var sú niðurstaða fyrst og fremst byggð á sjónarmiðum um að stjórnarskrárvarin atvinnuréttindi væri um að ræða og afturköllun þeirra því háð afar ströngum skilyrðum.

Á fundi ráðuneytanna með fulltrúum löggreglu kom m.a. fram að löggregla hafi í einstökum tilvikum gefið út sektir vegna meintra brota á ákvæðum umferðarlaga um endurmenntun. Af því tilefni er það afstaða dómsmálaráðuneytisins að löggreglu sé ekki fært að sekta einstaka atvinnubílstjóra fyrir að hafa ekki lokið endurmenntun. Til að koma fram refsingu vegna þessa verði fyrst að afturkalla ökuréttindi viðkomandi vegna þess að skilyrði um endurmenntun eru ekki uppfyllt og í kjölfarið beita sektum á grundvelli 48. gr. umferðarlaga gagnvart þeim sem kynnu að halda áfram akstri. Enga viðhlítandi refsíheimild er hins vegar að finna í umferðalögum sem leggur bann við akstri án þess að hafa lokið við endurmenntun. Krafa um endurmenntun lýtur aðeins að skilyrðum fyrir útgáfu ökuréttinda.

Í ljósi þessa er eftirfarandi lagt til :

1. Embætti ríkislögreglustjóra afturkalli ekki í neinum tilvikum ökuréttindi atvinnubílstjóra vegna ofangreindra atriða.
2. Embætti ríkislögreglustjóra komi því á framfæri við löggregluembættin að ekki sé heimild í umferðalögum til að sekta atvinnubílstjóra sem hafa gildi ökuréttindi vegna þess eins að þeir hafi ekki uppfyllt kröfu 4. mgr. 50. gr. laganna um tilskilda endurmenntun.

Fyrir hönd ráðherra



Hinrika Sandra Ingimundardóttir

Kjartan Ólafsson

